

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

10. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni 5.07. '91
kl. 14:00.

Mætt: Kári Arnórsson, Guðmundur Jónsson, Gunnar B. Gunnarsson,
Ingimar Ingimarsson, Halldór Gunnarsson, Sigrún Sig-
urðardóttir, Skúli Kristjánsson og Sigurður Þórhallsson
frkvstj.

1. Rætt um mál þingsins í haust og er hugmyndin að ræða um hrossabréf og hrossabúskap og yrðu fengnir framsögumenn til bess. Þá getur komið til greina að ræða markaðsmál.
2. Kári þakkaði afmælisgjöfina sem samtökin færðu honum í gær á sextugsafmæli hans.
3. Lagt fram umboð til HÍS um að fara með mál sem varða keppnir á vegum FEIF og á Norðurlöndum fyrir hönd L.H. Samþykkt.
4. Val á landsmótsstað fyrir 1994.

Kári reifaði málid og eru boðnir fram tveir staðir, Víðivellir og Hella. Það kom fram að svæðin eru ólík. En bæði gætu verið í stakk búin til að taka landsmót þ.e.a.s. svæðið á Hellu er nánast fullbúið, en greinilegt er að svæðið á Víðivöllum þarf endurbætur. Þá var rætt um þróun í aðsókn, sem virðist fara minnkandi. Í framhaldi af því var rætt um fyrirkomulag miðasölu og aðstæður ýmsar í bessu sambandi. Þá var rætt um nýliðið fjórðungsmót sem bótti takast vel.

Fákssvæðið hefur það framyfir að húsakostur fyrir hross er mikill. Þá kom það fram að heyrst hefur hjá almenningu að atvinnumenn séu ráðandi á mótmum og sé svo að það dragi úr aðsókn, kom það sjónarmið fram að þessarar þróunar gæti gætt enn meir í þéttbýli en úti á landi.

Fram kom að stuðla ætti að því að öflug vormót ætti að halda í Fáki og Borgin vill að þarna verði stöðugur rekstur. Þá lýsti formaður þeirri skoðun sinni að Fákssvæðið væri nýtt til sýninga af ýmsum tagi og væri hann tilbúinn að styðja betta.

Skúli tók til máls og sagðist hann viðurkenna áhuga Fáksmanna á málínus, en tók undir skoðun Kára að styðja ætti Fák til góðra hluta og styðja þá til að gera svæðið í stakk búið til sýninga af ýmsu tagi, en sagði það sýna skoðun að næsta mótt ætti að vera á Hellu.

Ingimar tók til máls og hélt smá inngang og taldi mótt í Reykjavík tilraun sem hann væri hræddur við og kaus Hellu.

Gunnar tók til máls og ræddi lítillega um fjórðungsmótið og framkvæmd dagskrár og aðsókn par.

Hann sagði að koma þyrfti upp kerfi til að væri hægt að selja inn 1 dag. Gunnar kvaðst velja Hellu og taldi hann að nýta ætti svæðið til fulls eins og það væri nú.

Guðmundur Jónsson tók til máls og sagði það sína skoðun að svæðið á Hellu væri það besta sem völ væri á nú, og það væri sín skoðun að halda ætti mótið par. Hins vegar tók hann fram að þessi niðurstaða gilti eingöngu um þetta móti og væri það sín skoðun að önnur svæði geti komið til greina í framtíðinni eins og svæði Fáks, ef það hentar.

Sigrún spurði um afstöðu Fáks og viðbrögð og upplýsti Kári það eftir bestu getu. Sigrún valdi Hellu.

Halldór taldi nauðsynlegt að styðja við Fák en ástand þeirra svæðis hefði valdið sér vonbrigðum. Þá tók hann það fram, að fram þyrfti að koma greinargerð og rökstuðningur fyrir þessari ákvörðun. Halldór valdi Hellu.

Kári valdi Hellu og var því niðurstaðan einróma.

Kári tók fram varðandi umræður um stuðning við uppbyggingu Fáks að það svæði hefði ákveðna sérstöðu umfram önnur svæði og væri notað af mörgum öðrum en Fáksfélögum til alls konar sýninga.

Skúli taldi að gera ætti Fáksmönnum grein fyrir því á hverju ákvörðunin byggist og koma hreint fram.

5. Skoðanakönnun um hestgerð. Farið var yfir þessi atriði sem unnin hafa verið og ákveðið að senda þetta út. Umræður urðu um þetta.
6. Kári las bókun stjórnar um ákvörðun á landsmótsstað. Lýsti stjórn ánægju sinni með þetta.
7. Skúli kvaðst hafa verið stoltur af því að fá að afhenda gjöf L.H. til Kára í gær og vildi enn fremur færa konu hans þakkir fyrir gærdaginn. Skúli taldi ómetanlegt að hafa slíkan forystumann. Þakkaði hann enn fremur samstarfið á liðnum tíma. Kári þakkaði góð orð í sinn garð. Hann taldi þörf á því að menn stæðu saman og væri mikils virði út á við.

Fundi slitið kl. 16:00

Kári Arnórsson
Sigrún Sigurðardóttir
Halldór Gunansson
Ingimar Ingimarsson

Guðmundur Jónsson
Skúli Ö. Kristjánsson
Gunnar B. Gunnarsson.